

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Jóhanna Þórhallsdóttir


söngkona

Bryndís Björgvinsdóttir

sellóleikari

Dagný Björgvinsdóttir

píanóleikari



13. og 15. ágúst 1991 kl. 20:30

**Jóhanna V. Þórhallsdóttir** nam söng í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Nýja Tónlistarskólanum og síðar í Royal Northern College of Music í Manchester auk þess sem hún sótti einkatíma í London hjá Iris Dell'Acqua og fleirum og ýmis námskeið m.a. í Aldeburgh og Weimar. Helstu hlutverk sem hún hefur sungið eru seiðkonan í Dido og Æneas og prinsessan í Systur Angeliku. Hún söng í uppfærslu Alþýðuleikhússins á Medeu. Jóhanna hefur frumflutt mörg verk íslenskra tónskálda, haldið ljóðatónleika og sungið einsöng í útvarpi og sjónvarpi.

**Bryndís Björgvinsdóttir** lærði sellóleik í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Gunnari Kvaran og lauk einleikarprófi vorið 1987. Í framhaldsnám fór hún til Bandaríkjanna, í Roosevelt University í Chicago þar sem aðalkennarar hennar voru prófessor Karl Fruh og Kim Scholes. Þaðan lauk hún B.A. prófi í júní síðastliðinn.

**Dagný Björgvinsdóttir** stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Arndísi Steingrímsdóttur og Margréti Eiríksdóttur og útskrifaðist þaðan 1981. Eftir það sótti hún einkatíma hjá Árna Kristjánssyni. Árið 1987-88 stundaði Dagný nám í kammermúsík við Guildhall School of Music í London. Hún starfar nú sem píanó kennari við Tónmenntaskólann í Reykjavík.

## Efnisskrá

Johannes Brahms  
(1833 - 1897)

Vier Ernste Gesänge, op. 121

Zwei Gesänge, op. 91  
Gestillte Sehnsucht  
Geistliches Wiegenlied

Acht Ziegeunerlieder, op. 103

## Vier Ernste Gesänge.

### Sígaunaljóð.

1.  
Hæ, sígauni, gríftu í strengina!  
Leiktu sönginn um tryggðalausú stúlkuna!  
Lát strengina gráta, kveina  
af söknuði og hryggð,  
þangað til heit tárin renna niður vanga minn.

2.  
Óldufexta Rímafljót, hve móbrúnt þú ert,  
á bakkanum syrgi ég þig sárt, ástin mín!  
Óldur flýja, öldur streyma  
þjóta upp að landi til mín,  
á Rímabökkum mun ég að eilífu gráta hana!

3.  
Vitið þið hvenær stúlkan mín er allra fegurst?  
Þegar sætur munnur hennar  
spaugar, hlær og kyssir.  
Yngismær, þú ert mín, innilega kyssi ég þig,  
himinninn hefur skapað þig bara fyrir mig!

Vitið þið hvenær mér geðjast best að  
ástvini mínum?  
Þegar hann umvefur mig örmum sínum.  
Yngissveinn, þú ert minn, innilega kyssi ég þig  
himinninn hefur skapað þig bara fyrir mig!

4  
Góður guð, þú veizt hve oft ég hef iðrast þess  
að ég gaf ástvini mínum einu sinni koss.  
Hjartað mælti fyrir um að ég skyldi kyssa hann,  
allt lífið mun ég hugsa um þennan fyrsta koss.

Góður guð, þú veizt hve oft ég hef  
um hljóða nótt  
hugsað um ástvin minn með gleði og þjáningu.  
Ástin er sät, en iðrunin er beizk,  
mitt veslings hjarta verður honum trúfast  
að eilífu.

5.  
Sólbrúnn piltur leiðir út í dansinn  
bláeyga stúlkuna sína,  
slær sporunum glaðlega saman,  
csárdáslagið hefst.  
Hann kyssir ljúfuna sína og klappar henni,  
snýr henni, leiðir hana,  
hrópar af gleði og stekkur;  
kastar þremur skínandi silfurgyllinum  
á simbalinn, svo að syngur í.

6.  
Þrjár rósir blómstra svo rauðar í röð,  
enginn getur bannað pilti að hitta stúlkuna sína!  
Guð minn góður, ef það væri bannað,  
þá væri heimurinn löngu liðinn undir lok  
og þá væri syndsamlegt að vera ógiftur.

Fegursta borgin í Alföld er Ketschkemet,  
þar er fjöldi af fögrum og geðugum meyjum!  
Vinir, leitið ykkur þar að brúði,  
biðjið um hönd hennar og stofnið heimili,  
drekkið gleðibikar til botns.

7.  
Hugsarðu stundum um það, ástin mín,  
hverju þú lofaðir mér með heilögum eidi?  
Svíktu mig ekki, farðu ekki frá mér,  
þú veist ekki hve vænt mér þykir um þig,  
elskaðu mig eins og ég elska þig,  
þá mun náð guðs streyma til þín.

8.  
Rauð kvöldský þjóta eftir himinhvolfinu  
full af þrá til þín.  
Ástin mín, hjarta mitt brennur,  
himinninn ljómar í glóandi skarti,  
og mig dreymir daga og nætur  
einungis um ástina mína ljúfu.

Reynir Axelsson þýddi.

### I. *Predikarinn* 3.19-22

Því örlög manna og örlög skepnunnar - örlög þeirra eru hin sömu:  
Eins og skepnan deyr, svo deyr og maðurinn, og allt hefir sama andann, og  
yfirburði hefur maðurinn enga fram yfir skepnuna, því að allt er hégómi.

Allt fer sömu leiðina: Allt er af moldu komið, og allt hverfur aftur til  
moldar. Hver veit, hvort andi manna fer upp á við, en andi skepnunnar  
niður á við til jarðar?

Þannig sá ég, að ekkert betra er til en að maðurinn gleðji sig við verk  
sín, því að það er hlutdeild hans. Því að hver kemur honum svo langt, að  
hann sjái það sem verður eftir hans dag?

### II. *Predikarinn* 4.1-3

Og enn sá ég alla þá kúgun, sem viðgengst undir sólinni: Þarna  
streyma tár hinna undirokuðu, en enginn huggar þá. Af hendi kúgara sinna  
sæta þeir ofbeldi, en enginn huggar þá.

Þá taldi ég hina framliðnu sæla, þá er fyrir löngu eru dánir, í  
samanburði við hina lifandi, þá er enn eru á líffi, en sælli en þessa hvora  
tveggja þann, sem enn er ekki til orðinn og ekki hefir séð þau vondu verk,  
sem framin eru undir sólinni.

### III *Jesus Sirach* 41

Dauði! Hve þungt er að hugsa um þig þeim, er lifir í sínum reit í ró,  
þeim, er unir í friði við allsnægtir og hefir enn nægan þrótt til að njóta lífsins.

Ó dauði! Hversu kært er kall þitt þeim, sem á bágt og brestur þrótt,  
þeim, sem stírdur er fótur og fellur, þeim, er örvæntir og finnst fokið í  
skjólín.

Hræðst eigi dauðann, örlög þín, mundu, að þar eiga með þér hlut aldir  
og óbormir.

Guð hefir búið þau örlög öllu holdi, og hvernig ættir þú að rísa gegn  
ákvörðun hins hæsta? Eigi verður hirt um það í helju hvort æviár þín urðu  
þúsund, hundrað,- eða tíu.

### IV *I. Korintubrэф* 13. 1-3 og 12-13

Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég  
hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Og þótt ég hefði spádómsgáfu og  
vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt ég hefði svo takmarka-  
lausu trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki  
neitt. Og þótt ég deildi út öllum eigum mínum, og þótt ég framseldi líkama  
minn, til þess að verða brenndur, en hefði ekki kærleika, væri ég engu  
bættari.

Nú sjáum vér svo sem í skuggsjá, í ráðgátu, en þá munum vér sjá  
augliti til auglitis. Nú er þekking mín í molum, en þá mun ég gjörþekkja, eins  
og ég er sjálfur gjörþekktur orðinn. En nú varir trú, von og kærleikur, þetta  
þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur.